

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2014

172-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/44/ESB frá 18. mars 2014 um breytingu á I., II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tæknieiningum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 28. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0044**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/44/ESB frá 18. mars 2014 (Stjtið. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/44/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 82, 20.3.2014, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.